

andi sé sýkn af leigukröfu stefnda fyrir framan-  
talin mannvirki.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði  
með 25 kr. Málskostnaður fyrir yfirrétti falli  
niður.

Stefndi greiði 30 kr. sekt, 15 kr. í landssjóð  
og 15 kr. í bæjarsjóð Reykjavíkur. Páll Jónsson  
yfirréttarmálaflutningsmaður greiði 40 kr. sekt,  
20 kr. í landssjóð og 20 kr. í bæjarsjóð Reykja-  
víkur.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá  
lögbirtingu hans. Sæti ella aðför að lögum.

Mánudaginn 7. jan. 1918.

Nr. 57/1917.

Einar M. Jónasson  
gegn

hlutafélaginu »Völundi«.

#### D ó m u r :

Veturinn 1907—1908 brann húseignin við Lauga-  
veg 17 í Reykjavík, en 7. apríl 1908 fekk Jóhannes  
Kr. Jóhannesson trésmiður ásamt öðrum manni af-  
sal að eign þessari, lóðinni og brunabótafénu, kr.  
4539,32, og 9. nóv. s. á. virðist Jóhannes einn hafa  
orðið eigandi að þessum eignum. Á eigninni hvíldu,  
áður en hún kom í eign Jóhannesar, meðal annars  
samtals 3500 kr. skuldir til veðdeildar Landsbanka

Íslands, trygðar með 1. veðrétti, og 1800 kr. til bankans sjálfs, trygðar með 2. veðrétti í eigninni, eða samtals til beggja 5300 kr. Þann 5. febr. 1909 afhenti Jóhannes, sem þá var eigi orðinn 25 ára gamall, með samþykki skipaðs meðráðamanns, Landsbankanum brunabótaupphæðina, kr. 4539,32, til tryggingar veðskuldum þessum og var upphæðin sett í sparisjóðsbók nr. 14076. Sumarið 1908 virðist Jóhannes hafa reist hús á lóðinni án þess þó að fá því lokið. Komst hann þá í skuld við hlutafélagið »Völund«, sem nam 20000 krónum samkvæmt skuldbréfi dags. 7. apríl 1908, en bréf þetta mun þó eiga að vera jafnframt fyrirfram veitt viðurkenning fyrir skuld, er Jóhannes kæmist í við hlutafélagið út af byggingu hússins á Laugavegi 17, er hann (Jóhannes) kveðst í bréfinu ætla að reisa. Veðsetur Jóhannes »Völundi« þá lóðina á Laugavegi 17 með 4. veðrétti, og húsið, sem hann ætlar að reisa á henni, með »1. veðrétti«. Því næst segir í bréfinu: »Í veðsetningu þessari er einnig fólgin váttryggingarupphæð húss þess, er áður var á téðri lóð, er brann á síðastliðnum vetri. Einnig váttryggingarupphæð húss þess, er ég (Jóhannes) ætla að byggja á lóðinni«.

Á eigninni hvíldu þá, á 1., 2. og 3. veðrétti, alls 7132 kr. eftir því er í bréfinu getur. Skyldi skuldbindingu að öllu lokið fyrir nóvember lok 1908. Nú efndi Jóhannes eigi þessa skuldbindingu, og höfðaði h.f. »Völundur« þá mál gegn honum. Lyktaði því máli með sátt fyrir gestarétti Reykjavíkar milli »Völundar« og Jóhannesar, ásamt meðráðamanni hans, 8. febr. 1909, þannig að Jóhannes skuldbindur sig til

að greiða skuldina, sem þá er talin kr. 10883,58, með 5% vöxtum frá 28. jan. 1909 til greiðsludags, fyrir kl. 12 á hádegi daginn eftir 9. febr. En ef skuldin yrði þá eigi greidd, skyldi »Völundi« heimilt að ganga að veðinu samkvæmt ákvæðum veðskuldabréfsins 7. apríl 1908. Þann 9. febr. s. á. gefur h.f. »Völundur« til handa Jóhannesi yfirlýsingu, þar sem svo segir, að »Völundur« geri að eins kröfu til kr. 10883,58 ásamt vöxtum og kostnaði af veðrétti þeim, sem félagið hefir í húseigninni Laugaveg nr. 17 og »fari svo, að nefnd húseign ekki seljist svo vel að »Völundur« fái skuldina fullborgaða, gerir félagið samt sem áður engar kröfur á hendur Jóhannesi Kr. Jóhannessyni fyrir því, sem til kann að vanta, að húseignin seljist fyrir ofan nefndri kröfu«.

Af því að Jóhannes efndi eigi sættina 8. febr. 1909 lét »Völundur« gera fjárnám í eigninni Laugaveg 17 »svo og í brunabótaupphæð hússins ca. 4500 kr.«, eins og segir í fjárnámsgerðinni 11. febr. 1909. Var Jóhannes viðstaddur gerðina, þó án meðráðamanns, og hafði ekkert að athuga við það, sem fram fór. Síðan var eignin auglýst til sölu á nauðungaruppbóði, er fram fór, hið síðasta, 19. marz 1909, en eigi varð þó brunabótaféð, kr. 4539,32, selt með eigninni. Á uppboðinu varð h.f. »Völundur« hæstbjóðandi að eigninni og fekk samkvæmt því uppboðsafsál að henni 30. marz s. á.

Dagana 4. og 5. marz hafði Landsbankinn án vitundar Jóhannesar tekið brunabótaféð úr áðurnefndri sparisjóðsbók nr. 14076, og látið upphæðina ganga upp í lánin, sem áður er getið, og hvíldi á eigninni

með 1. og 2. veðrétti. Það sem brunabótaféð, innstæða sparisjóðsbókar nr. 14076 hrökk eigi til að borga, greiddi »Völundur«, enda var honum það skylt samkvæmt uppboðsskilmálunum og voru honum þá afhent skuldabréfin úr bankanum og síðan var þeim aflýst 1. apríl 1909.

Þar sem Jóhannes Kr. Jóhannesson taldi Landsbankann hafa ráðstafað innstæðu áðurnefndrar sparisjóðsbókar óheimilt með því að greiða með henni skuld, er h.f. »Völundur« hafi átt að greiða samkvæmt uppboðsskilmálunum, þegar húseignin á Laugaveg 17 var seld, leit hann svo á, að hann ætti að réttu lagi kröfu á hendur Landsbankanum, er innstæða bókarinnar næmi. Þessa kröfu framseldi hann áfrýjanda þessa máls, Einari M. Jónassyni cand. juris, og höfðaði hinn síðarnefndi mál á hendur Landsbankanum, er var dæmt í landsyfirdómi 30. jan. 1913 á þann hátt að Landsbankinn var sýknaður af kröfum Einars. En Jóhannes leit þá svo á, að »Völundur« ætti að svara til sparisjóðsbókarinnstæðarinnar þar sem hún hefði komið »Völundi« til góða án þess að hann hefði átt heimtingu á því. Framseldi Jóhannes þá áfrýjanda Einari M. Jónassyni einnig þessa kröfu á hendur h.f. »Völundi« og höfðaði áfrýjandi svo þetta mál á hendur stefndum, stjórnendum h.f. »Völundar« fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu útg. 23. jan. f. á. Gerði áfrýjandi þær kröfur fyrir bæjarþinginu: aðallega að stjórn h.f. »Völundar« fyrir hönd félagsins yrði dæmd til að skila stefnda 1. og 2. veðréttarbréfum þeim í eigninni Laugaveg 17, er innleyst voru með ofanefndri sparisjóðsbókarinnstæðu, eða

ef stjórn »Völundar« gæti ekki orðið við þessu, þá yrði hún dæmd til þess að svara til peningaupphæðarinnar, kr. 4539,42 auk 6% vaxta frá 20. marz 1909, eða 20. jan. 1913, eða frá sáttakærudegi þessa máls. Til vara að stjórn h.f. »Völundar« fyrir hönd félagsins verði dæmd til að greiða stefnanda »peningaupphæð, er svarar til þess, að félagið (☉: h.f. »Völundur«) 19. marz 1909 hafi keypt eignina (☉: Laugaveg 17) fyrir 17739 kr. 42 au. eða mismun þann, sem þannig kemur fram að frádregnum veðskuldum auk 6% vaxta frá einhverjum hinna ofangreindu daga við aðalkröfuna«. Auk þess krafðist áfrýjandi málskostnaðar að skaðlausu.

Málið var dæmt í bæjarþinginu 2. ág. þ. á. með þeim úrslitum, að stefndu voru sýknaðir og málskostnaður látinn niður falla.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdóms með stefnu útg. 3. ág. f. á., og hefir hann krafist þess að bæjarþingsdómurinn verði úr gildi feldur og að kröfur hans fyrir undirrétti verði teknar til greina. Loks krefst hann málskostnaðar að skaðlausu fyrir báðum réttum.

Stefndu, stjórnendur h.f. »Völundar« hafa gert þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að svara málskostnaði fyrir yfirdómi, og loks að nokkur ummæli áfrýjanda um stefndu í sóknarskjali fyrir yfirdómi verði dæmd dauð og ómerk og áfrýjandi sektaður fyrir þau.

Eins og áður segir, keypti h.f. »Völundur« eignina Laugaveg 17 á nauðungaruppboði 19. marz 1909

fyrir 13200 kr. Átti kaupandi að greiða þær veðskuldir, er á eigninni hvíldu og fyrir hans skuld gengu, en með því að Landsbankinn tók undir sjálfum sér ofanefnt brunabótafé 4539 kr. 42 aur., varð sú upphæð, er »Völundur« greiddi af nefndum veðskuldum svo miklu minni sem þessari upphæð nemur. Úrslit málsins virðast velta á því, hvort »Völundur« hefði átt rétt á því að ráðstafa brunabótafénu í sínar þarfir, ef Landsbankinn hefði ekki þegar tekið það upp í sínar veðskuldir. H.f. »Völundur« fékk veð í brunabótafé því, er oft hefir nefnt verið og lagt var inn á sparisjóðsbók Landsbankans nr. 14076, og þessi veðsetning er staðfest af Jóhannesi Kr. Jóhannessyni og meðráðamanni hans með sáttinni 8. febr. 1909, sem áður hefir og verið nefnd, og kemur því eigi til álita, þótt Jóhannes hafi eigi verið fjárráður 7. apríl 1908, er hann gaf út veðskuldarbréfið. Áfrýjandi heldur því fram, að h.f. »Völundur« hafi með yfirlýsingunni 9. febr. 1909 slept veðrétti sínum í brunabótafénu, þar sem það, hlutafélagið, hafi afsalað sér öllum kröfum á Jóhannes út af þeim kr. 10883,58 er það átti þá hjá honum, að því leyti sem »húseignin« á Laugavegi 17 hrykki eigi til fyrir henni. Það er þó í sjálfu sér ólíklegt, að stefndu hefðu farið að afsala félaginu veðrétti þeim, er það hafði í brunabótafénu og hafði fengið daginn áður viðurkendan með sátt fyrir gestarétti Reykjavíkur af Jóhannesi sjálfum og meðráðamanni hans. Ennfremur bendir það, að Jóhannes er sjálfur viðstaddur fjárnámið 11. febr. 1909, 2 dögum eftir að nefnd yfirlýsing var gefin út og hefir þá ekkert við það að athuga, að

brunabótaféð »: 4500 krónur« er einnig tekið fjárnámi, til þess að skilningur hans hafi þá eigi verið sá á yfirlýsingunni 9. febr. 1909, að brunabótafé þetta skyldi samkvæmt henni vera laust úr veðbandi eða að »Völundur« afsalaði sér rétti til þess, þeim er hann hafði. Virðist í þessari framkomu Jóhannesar felast játning þess, að »Völundi« hafi verið rétt að taka brunabótaféð fjárnámi. Og yfirlýsinguna sjálfa þarf eigi heldur að skilja svo sem áfrýjandi heldur fram. Í henni þarf eigi að felast annað en það, að »Völundur« afsalar sér kröfu á Jóhannes persónulega fyrir því af skuldinni, sem veðið selst eigi fyrir. Orðið »húseignin« er nefnt sem aðalhluti veðsins. Lóð og önnur mannvirki á henni, sem þó var einnig veðsett 7. apríl 1908, er látið ónefnt, og er þó eigi vafi á því, að »Völundur« hélt veðrétti sínum á þeim fjármunum. »Húseignin« í yfirlýsingunni verður því að skilja svo sem staðið hefði »veðið«. Það, að brunabótaféð var eigi selt með húseign og lóð, skiftir eigi máli, því að eins og á stóð var það eigi hægt, þar sem Landsbankinn hafði þegar sem handveðshafi tekið það upp í sínar skuldir, er fyrirgengu öðrum veðskuldum, og auk þess skifti »Völund« það engu, þar sem hagnýting bankans á því fé kom »Völundi« til fullra nota.

Þar sem áfrýjandi hefir eigi gegn mótmælum stefndu leitt sönnur að því, að »Völundur« hafi með yfirlýsingunni 9. febr. 1909 slept rétti sínum til brunabótafjárins, er hann hafði áður tvímælalausan, verður að líta svo á, að h.f. »Völundur« hefði getað fært sér það í nyt, ef Landsbankinn hefði eigi þegar verið

búinn að því. Og þar sem það enn fremur er ósannað, að uppboðsverð húseignarinnar Nr. 17 við Laugaveg, að viðbættu brunabótafénu, hafi numið meiru en veðréttir þeir, er á húseigninni hvíldu og stefndi sumpart átti sjálfur og sumpart varð að svara til samkvæmt uppboðsskilmálunum, svo að þar væri um að tefla neinn afgang, er stefnda gæti borið að standa Jóhannesi skil á, þá verður varakrafa áfrýjanda eigi heldur talin á rökum byggð. En af þessu leiðir aftur að Jóhannes átti enga kröfu á hendur »Völundi« út af þessum viðskiftum þeirra, og gat því eigi framselt áfrýjanda slíka kröfu. Ber því að fallast á niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, bæði sýkunarákvæði hans og málskostnaðarákvæði. Eftir þessum úrslitum þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 40 kr.

Hin frammannefndu ummæli í sóknarskjali áfrýjanda, er stefndu telja meiðandi, eru þessi:

»Fyrir mínum augum tekur slík aðferð sig út, ekki einasta sem ræningjaháttur, heldur og miklu fremur glæpsamlegt athæfi, er lögum samkvæmt ætti að varða þungri refsingu«. Ber samkvæmt kröfu stefndu að ómerkja ummæli þessi og sekta áfrýjanda fyrir þau, og þykir sektin hæfilega metin 20 kr., er renni að hálfu í landssjóð og að hálfu í fátækra sjóð Reykjavíkur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Máls-



kostnað greiði áfrýjandi, Einar M. Jónasson stefnda h.f. »Völundi« með 40 kr, Svo greiði áfrýjandinn og 20 kr. sekt, er að helmingi renni í landssjóð og að helmingi í fátækra sjóð Reykjavíkur.

Ídæmdan málskostnað og sekt ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 7. jan. 1918.

Nr. 72/1917.

Björn Ólafsson  
 gegn  
 Guðmundi Þorsteinssyni.

D ó m u r :

Áfrýjandi þessa máls, Björn Ólafsson skipstjóri í Mýrarhúsum höfðaði það fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn stefnda, trésmið Guðmundi Þorsteinssyni í Reykjavík, til þess að fá hann skyldaðan til að flytja burtu hið svo nefnda gamla barnaskólahús á Seltjarnarnesi af lóð áfrýjanda í Mýrarhúsalandi, en máli þessu lauk svo með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 9. ág. f. á., að stefndi var algerlega sýknaður og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir skipstjóri Björn Ólafsson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 4. sept. f. á., og hefir hann krafist þess að gestaréttardómnum verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði að